

Ríkisendurskoðun
Pórir Ólafsson
Bríetartúni 7
105 Reykjavík

Kópavogi, 7. febrúar 2018
Tilv.: 2018-4256

Efni: Svar við fyrirspurn um fjárreiður og framgang Þjóðarsáttmála um læsi.

Vísað er til erindis Ríkisendurskoðunar, dags. 18. janúar sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um framgang verkefnisins Þjóðarsáttmáli um læsi sem hófst haustið 2015.

Sundurliðaðar upplýsingar um fjármagn sem varið hefur verið til verkefnisins er að finna í meðfylgjandi fylgiskjali 1. Þar kemur fram að fjárveiting til Menntamálastofnunar var 41 m.kr. árið 2015 og 130 m.kr. á ári þar eftir. Stærstur hluti kostnaðar er vegna launa. Með Þjóðarsáttmála um læsi (sjá fylgiskjal 2) skuldbundu allar bæjar- og sveitarstjórnir landsins sig til þess að vinna að eflingu læsis m.a. með því að setja læsisstefnu og fylgja henni eftir í starfi skóla. Jafnframt er í sáttmálanum tilgreint að Menntamálastofnun veiti sveitarfélögum stuðning og ráðgjöf til að ná markmiðum sínum. Hefur Menntamálastofnun þegar veitabeina ráðgjöf til 59 sveitarfélaga í landinu og gert aðgengileg skimunarpróf í lesfimi sem öll sveitarfélög hafa nýtt sér.

Í meðfylgjandi verkefnaáætlun (fylgiskjal 3) og stöðuskýrslu (fylgiskjal 4) verkefnisins koma fram ítarlegar upplýsingar um verkþætti og framgang þeirra. Meginþungi verkefnisins til þessa hefur verið á þróun lesskimunarprófa. Lesfimiþróf sem er hið fyrsta af röð prófa í svokölluðum Lesferli, hefur þegar verið lagt fyrir fjórum sinnum í skólum landsins og nú í janúar tóku yfir 90% grunnskólanemenda þátt í prófinu. Niðurstöður lesfimiþrófa er mikilvægur mælikvarði á árangur af verkefninu. Ráðgjöf til sveitarfélaga og skóla hefur jafnframt verið stór hluti af verkefninu og einnig almenn vitundarvakning um mikilvægi læsis, stuðningur við starfsþróun kennara og þróun námsefns.

Í upphafi verkefnisins var gerð matsáætlun (fylgiskjal 5) sem unnin var af Katrínu Frímansdóttur, matsfræðingi, sem verið hefur ráðgjafi verkefnisins. Í áætluninni koma

fram mælikvarðar á árangur verkefnisins sem verða uppfærðir eftir því sem verkefninu vindur fram. Áætlað er að kalla fljótlega til utanaðkomandi aðila til að vinna lokamat á verkefninu sem getur orðið grundvöllur fyrir ákvarðanir um framhald eflingu læsis í landinu.

Virðingarfyllt,

Arnór Guðmundsson, forstjóri